

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárþingi eystra 2011

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Rangárþingi eystra er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Rangárþingi eystra sem búa í eigin íbúð og

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- b) hafa verið úrskurðaðir öryrkjar fyrir 1. janúar 2011

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í.

3. gr.

Niðurfelling eða lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2010 eins og þær eru samkvæmt skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Tekjur einstaklinga árið 2010	Tekjur hjóna árið 2010:	Niðurfelling:
Allt að 2.022.000	Allt að 3.041.000	100%
Milli 2.002.001-2.361.000	Milli 3.041.001-3.502.000	75%
Milli 2.361.001-2.698.000	Milli 3.502.001-3.965.000	50%
Milli 2.698.001-3.035.000	Milli 3.965.001-4.427.000	25%

4. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s. :

- a) Þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega
- b) Ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) Einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

5. gr.

Afslátt skv. 3. gr. til ellilífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt skv. 3. gr. gegn framvísun örorkuskírteinis.

6. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra endurskoðar tekjumörk í desember ár hvert.